Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
17. júní 2010
24. tbl. · 27. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA

Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600

Opið frá kl. 11:30 - 23:00 alla daga!

Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin!

Faktorshúsið
Hæstakaupstað



Í netagerð nær óslitið meira en hálfa öld

Magni Örvar Guðmundsson á Ísafirði, betur þekktur sem Magni í Netagerðinni, lítur yfir farinn veg. Leiklistarferill hans er styttri en í netagerð því að eina innkoma hans á leiksvið var innan við eina mínútu. Komið er inn á ýmsa þætti á æviferli hans í opnuviðtali.

Nægjanlegt flutningsmagn til strandflutninga til Vestfjarða

Nægjanlegt flutningsmagn virðist vera til staðar og talsverður áhugi er fyrir hendi meðal flutningskaupenda hvað varðar hugsanlegar strandsiglingar til og frá Vestfjörðum. Þetta kemur fram í skýrslu um mat á hagkvæmi strandflutninga á Íslandi sem var unnin fyrir samgönguráðuneytið. Samkvæmt áætlun sem gerð var um flutningsmagn tólf sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum árið 2008 nemur útflutningur þeirra 22.000 tonnum á ári eða 1100x40 feta gámar á ári miðað við 20 tonn í meðalþyngd pr. 40 feta gám. Innflutningur á hráefni til svæðisins er talinn nema um 8.500 tonnum á ári eða sem svarar um 425x 40 feta gámum á ári miðað við 20 tonn per gám.

Þá eru Húsasmiðjan og Byko með áætluð 2.100 tonn á ári eða 117 gámar miðað við 18 tonn sem meðalþyngd í 40 feta gám. Gera má ráð fyrir að Vífilfell og Ölgerðin flytji drykki til Vestfjarða sem nema um 1000 tonnum á ári eða 50x40 ft. gámar miðað við 20 tonn sem meðalþyngd í gám. Aðföng fyrir fiskvinnslur frá Samhentum, Saltkaupum, Olíudreifingu, Optimal og Ísfelli eru áætluð um 6.000 tonn á ári eða 333 gámar á ári miðað við 18 tonn sem meðalþyngd.

Hugmyndir eru uppi um að kynna standflutning sem kost vegna heimilissorps á Ísafirði. Það liggur fyrir að Ísafjarðarbær þarf að fara í verulegar endurbætur á núverandi sorpeyðingarstöð sem munu kosta hundruð milljóna króna. Þá hefur sá kostur verið skoðaður að flytja allt heimilissorp í eyðingu á suðvesturhorninu. Gætu standflutningar komið þar við sögu. Um væri að ræða 300x40 feta gáma á ári frá Ísafirði. Í umferð yrðu 30 gámar sem „róteruðu" á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur.

Kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal telur sig hafa um 10x40 feta gáma á viku til útflutnings. Til og frá Patreksfirði er flutt frosin rækja sem er unnin þar. Áætlað magn á ári 7.200 tonn eða 360 gámar á ári miðað við 20 tonn sem meðalþyngd. Til og frá Bolungarvík er áætlað að fari um 100 gámar á ári vegna vinnslu á rækju. Einnig er rækja flutt til og frá Hólmavík.

Að auki eru flutningar á almennri neysluvöru, rekstrarvörum, hráefnum til iðnaðar og olíuvörum (Samkaup, Bónus, 3xStál, Trésmiðjan Hnífsdal, Vestfirskir verktakar, KNH, Olíudreifing o.fl.) sem má áætla að nemi um 300x 40 feta gámum á ári.

Kristján L. Möller, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, sagði niðurstöður starfshópsins ótvíræðar og hann teldi að leita ætti allra leiða til að hefja á ný strandflutninga og hvatti hann forráðamenn skipafélaga til að skoða málið vel. Thomas Möller, formaður starfshóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, kynnti helstu niðurstöður skýrslunnar. Fram kemur í skýrslunni að flutningsgjald 40 feta gáms með skipinu sé kringum 139 þúsund krónur en að flutningur landleiðina kosti um 240 þúsund krónur milli Reykjavíkur og Ísafjarðar og 180 milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Telja skýrsluhöfundar að vikuleg sigling milli Reykjavíkur og Akureyrar með viðkomu á Ísafirði og hugsanlega einnig á Bíldudal og Sauðárkróki sé hagkvæmasta áætlunin.

– thelma@bb.is

Skrifað undir málefnasamning

Oddvitar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Ísafjarðarbæ, Eiríkur Finnur Greipsson og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, skrifuðu á föstudag undir málefnasamning og skuldbinda sig þar með til að halda áfram því meirihlutasamstarfi sem verið hefur síðustu átta árin og má búast við því, komi ekki eitthvað upp á, að meirihlutinn sitji til ársins 2014 hið minnsta. Í samningnum, sem undirritaður var á Hesteyri í Jökulfjörðum, kemur m.a. fram að bæjarstjóri verði faglega ráðinn fyrir sveitarfélagið og hefur verið auglýst eftir aðila í starfið. Óskað er eftir einhverjum með þekkingu og reynslu af fjármálum, stjórnun og rekstri og æskilegt er að hann hafi háskólamenntun sem nýtist í starfi.

– thelma@bb.is

Oddvitar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Ísafjarðarbæ, Eiríkur Finnur Greipsson og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir skrifuðu undir málefnasamning.

„Sameining gæti dregið úr yfirsýn slökkviliðsmanna"

Gert er ráð fyrir því að hægt sé að ná fram um 13,7 m.kr. árlegri hagræðingu með sameiningu sveitarfélaganna þriggja við Djúp vegna aukinnar hagkvæmni rekstri slökkviliða. Slík hagræðing samvarar vaxtagreiðslum af um 274 milljóna króna láni. Þetta kemur fram í niðurstöðum starfshóps 100 daga nefndarinnar svokölluðu. Hópurinn var sammála um að málefni slökkviliða væru í góðu horfi á svæðinu og að þau hefðu á að skipa góðum mannafla. Vegna nálægðarinnar væri þekking og yfirsýn starfsmanna slökkviliðanna á aðstæðum víðtæk. Fram kom að sameining gæti dregið úr þessari þekkingu.

Í skýrslu 100 daga nefndarinnar er vitnað í nýlega úttekt sem gerð var af sviðstjóra framkvæmda- og rekstrarsviðs Ísafjarðarbæjar þar sem segir að niðurstaðan er sú að ná megi fram árlegum sparnaði að upphæð 13,7 m.kr. með sameiningu slökkviliða Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar.

Frá sameiginlegri æfingu slökkviliðanna í Ísafjarðarbæ og Bolungarvík.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að tækifæri væru í gerð brunavarnaráætlana, eldvarnareftirliti og eftirfylgni með úrbótum í sameinuðu sveitarfélagi.

– thelma@bb.is

Samkaup úrval góðir grannar

...sjá öll tilboð á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar **17. - 20. júní**

~~1.545~~

1.098 kr./kg Lambalæri
úr kjötborði eða pakkað ferskt

~~1.798~~

1.259 kr./kg Grill svínakótilettur
frá **Kjötseli**

~~2.247~~

1.595 kr./kg Ofnsteik
með dönskum blæ frá **Goða**

~~1.698~~

1.358 kr./kg Lambaframhryggur
bitar úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

~~1.398~~

979 kr./kg Grill svínalærissneiðar frá **Kjötseli**

~~649~~

499 kr./stk. Chicago Town pizzur
NY Deli, MH kjúklingur eða CA ostur

~~4.998~~

3.699 kr./kg Lambalundir
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

~~1.098~~

769 kr./kg Grill svínabógsneiðar
frá **Kjötseli**

~~349~~

297 kr./stk. X-tra ávaxtasafi
appelsínu-, epla- eða ananassafi, 1,5l

P & Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

Opið 17. júní frá kl. 12.00-21.00

Húsið í Eyrardal er eitt af elstu húsum bæjarins og á sér talsvert merka sögu. Súðavíkurhreppur á húsið og hefur séð um endurbyggingu þess frá árinu 2005. Ljósmyndir: Sigurjón J. Sigurðsson.

Melrakkasetur Íslands opnar

Melrakkasetur Íslands var opnað með pompi og prakt á laugardag í Eyrardalsbænum í Súðavík. „Við erum rosalega ánægð með viðtökurnar. Ætli það hafi ekki verið um 200 manns sem sóttu opnunarhátíðina," segir Ester Rut Unnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Melrakkaseturs Íslands. Margir sendu kveðjur í tilefni dagsins, þar á meðal Forsetaembættið, ráðherrar, Sir David Attenborough og hið Íslenska tófuvinafélag sendi heillaóskaskeyti. Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps afhenti Melrakkasetrinu síðan húsið í Eyrardal formlega og Páll Hersteinsson, líffræðiprófessor var tilnefndur verndari sýningarinnar. Elfar Logi Hannesson, leikari sýndi atriði úr leikritinu Gaggað í grjótinu sem Kómedíuleikhúsið sýnir á fimmtudögum í Melrakkasetrinu í sumar og Guðjón Arnar Kristjánsson opnaði sýningu Melrakkasetursins með aðstoð Kjartans Geirs Karlssonar, refaskyttu úr Súðavík.

Þá var farið í ferð með Vesturferðum til Hesteyrar en með í för voru m.a. dýrafræðingur frá Þýskalandi, Anders Angerbjörn, prófessor við Stokkhólmsháskóla ásamt nemanda og Bodil Elmhagen aðstoðarprófessor við sama skóla, sem komu til Íslands í þeim eina tilgangi að heimsækja Melrakkasetrið. Melrakkasetur Íslands var opið um helgina og segir Ester að viðtökurnar hafi verið góðar. Á sunnudag hafi einnig fjöldi gesta lagt leið sína á setrið og sumir að koma í annað skipti. „Svo er einnig opið öll kvöld hjá kaffihúsi Melrakkasetur og sýning á Melrakkanum öll fimmtudagskvöld. Þegar er orðið uppselt á sýninguna nú á fimmtudag þannig að þetta lýtur vel út í sumar," segir Ester Rut Unnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Melrakkaseturs Íslands.

Melrakkasetrið er fræðasetur með áherslu á melrakkann, eina upprunalega landspendýrið á Íslandi og einkennisdýr Vestfjarða. Þar verður sýning um refi í náttúrunni, refaveiðar og refaveiðimenn en einnig verður þar starfrækt kaffihús og leikhúsloft. Sýningin verður opin alla daga í sumar frá kl. 10-18 og kaffihúsið til kl. 22. *– kristjan@bb.is*

Stöðugur gestagangur var í safnið alla helgina.

Frá sýningunni í Melrakkasetri Íslands.

Heilbrigðisstofnuninni færðar gjafir

Nýtt sneiðmyndatæki var formlega afhent Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á föstudag. Árið 2005 fór af stað söfnun til kaupa á sneiðmyndatæki fyrir Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði. Keypt var notað tæki fyrir hluta söfnunarfjárins en því miður bilaði tækið á síðasta ári. Liðlega 1.300 manns höfðu verið rannsakaðir í tækinu á Ísafirði. Söfnunin 2005 gekk svo vel að hún skilaði nálega tvöföldu kaupverði tækisins og hafa þeir fjármunir notið ágætrar ávöxtunar. Þegar lagt var mat á viðgerðarkostnað og rekstraröryggi hins gamla tækis var jafnframt leitað tilboða í nýtt tæki, enda hafa ný tæki lækkað verulega í verði þrátt fyrir veikingu krónunnar.

Jóna Ingólfsdóttir og Krabbameinsfélagið Sigurvon færðu stofnuninni lyfjablöndunarskáp

Frá afhendingu gjafanna.

Meðal annars barst tilboð frá framleiðanda hins eldra fjögurra sneiða tækis um að skipta því út fyrir nýtt 16 sneiða tæki. Tilboðið þótti hagstætt og ákveðið var að leggjast í framhaldssöfnun sem gekk með ágætum enda lögðu fjölmargir hönd á plóg.

Einnig afhendar aðrar þarfar og góðar gjafir. Verkstjórasamband Íslands færði stofnuninni blóðskáp svo hægt er að geyma birgðir af blóði á Ísafirði. Einnig færðu Jóna Ingólfsdóttir frá Rauðumýri og krabbameinsfélagið Sigurvon stofnuninni lyfjablöndunarskáp til blöndunar á krabbameinssjúklingar fái lyf í heimabyggð.

Að afhendingu lokinni var velunnurum stofnunarinnar boðið upp á kaffiveitingar. Þess má geta að á veggjum heilbrigðisstofnunarinnar má nú sjá myndir og upplýsingar um þær gjafir sem stofnuninni hafa borist.

Samrekstri leikskóla verði hætt

Samrekstur leikskólanna Bakkaskjóls í Hnífsdal og Eyrarskjóls á Ísafirði verður hætt fái tillaga fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar náð fyrir augum nýrrar bæjarstjórnar.Nefndin leggur til að auglýst verði eftir leikskólastjóra á Bakkaskjóli þar sem Ingibjörg Einarsdóttir leikskólastjóri, sem hefur verið í launalausu leyfi, hefur sagt starfinu lausu. Jóna Lind Kristjánsdóttir, leikskólastjóri Eyrarskjóls, sem einnig hefur gegnt starfi Ingibjargar, og Sigurlína Jónasdóttir leikskólafulltrúi hafa lagt fram faglegt mat á samrekstri skólanna undanfarið ár. Telja þær stjórnun skólanna tveggja vera flókna í framkvæmd og ekki skila þeirri fjárhagslegu hagræðingu sem vonast var eftir.

Á sínum tíma tók fræðslunefnd ofangreinda ákvörðun með það í huga að einungis væri um ársleyfi leikskólastjóra á Bakkaskjóli að ræða og jafnframt mætti spara í rekstri með ráðstöfuninni. Ljóst er að mesta hagræðingin af samrekstrinum fólst í því að Eyrarskjól annaðist matseld fyrir Bakkaskjól. Sú ráðstöfun mun halda áfram. *– kristjan@bb.is*

Samúel Samúelsson, Guðbjartur Flosason og Hákon Hermannsson. Fyrir aftan eru þeir Emil Pálsson og Arnar Þór Samúelsson leikmenn BÍ/Bolungarvíkur.

Jakob Valgeir styrkir BÍ/Bolungarvík

BÍ/Bolungarvík og fiskvinnslufyrirtækið Jakob Valgeir ehf. í Bolungarvík hafa gert með sér styrktarsamning. Með samningnum verður Jakob Valgeir ehf. einn stærsti styrktaraðili liðsins næstu fjögur árin. Samningurinn mun hjálpa til við fjármögnun liðsins og er liðinu gríðarlega mikilvægur. „Stjórn BÍ/Bolungarvíkur vill koma á framfæri þakklæti til forsvarsmanna Jakobs Valgeirs ehf., sem og allra þeirra styrktaraðila sem koma að liðinu á einn eða annan hátt. Vonum við að samstarfið verði farsælt og ánægjulegt, þar sem sameinginlegt markmið allra er að styðja við liðið í toppbaráttu í 2. deild," segir í tilkynningu. Samningurinn var undirritaður á veitingastaðnum Við Pollinn á dögunum og voru það Samúel Samúelsson og Hákon Hermannsson sem skrifuðu undir fyrir hönd stjórnar BÍ/Bolungarvíkur og Guðbjartur Flosason, vinnslustjóri fyrir hönd Jakobs Valgeirs ehf.

Ritstjórnargrein

Það er kominn sautjándi júní

Maður, sem settist inn á ritstjórn BB, kvaðst muna 17. júní 1944 á Ísafirði þegar veðurbarðir sjómenn og verkamenn með vinnulúnar hendur stóðu undir gafli gamla barnaskólans með tár á hvarmi og biðu þess að frá gjallarhornum, sem komið hafði verið fyrir á Gagnfræðaskólanum, bærust fréttir frá Þingvöllum um að Ísland væri lýðveldi, frjáls þjóð - „við ysta haf" eins og Hulda orðaði það í hátíðarljóði sínu. Hann sagðist ekki gleyma tárunum sem hljóðlát runnu niður kinnar þessara stríðandi hetja þegar fregnin barst.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Ýkjulítið má orða það svo að lengst af síðan 1944 hafi ræðuhöld dagsins verið mærðarhjal um eigið ágæti, dugnað og framsækni; hvernig okkur tókst á einum mannsaldri að vinna upp margra alda eftirlegu, miðað við aðrar þjóðir; hvernig við brutumst undan meintu harðræði, til að komast hjá að greiða skatta, nokkuð sem enn er þjóðaríþrótt, að ógleymdri þjóðrembunni um að enginn stæði okkur á sporði, hvað þá feti framar.

Það finnast þó undantekningar frá sjálfsánægjunni. Skemmst að minnast þjóðhátíðarræðu Sturlu Böðvarssonar, fyrrum samgönguráðherra og forseta Alþingis, á Ísafirði 2007, þar sem hann kom með afgerandi hætti inn á viðvarandi vanda flestra sjávarbyggða: „Áform okkar um að byggja upp fiskistofnana með kvótakerfinu sem stjórnkerfi fiskveiða virðist hafa mistekist. Sú staða kallar á allsherjar uppstokkun á fiskveiðistjórnunarkerfinu ef marka má niðurstöðu Hafrannsóknastofnunar. Staðan í sjávarútvegsmálum er því mjög alvarleg og kallar á breytingar ef sjávarbyggðirnar eiga ekki að hrynja." Að vísu kvað við eilítið annan tón í hátíðarræðu þáverandi forsætisráðherra, sama dag, en hann sagði þó: „En við skulum hins vegar ekki loka augunum fyrir því að kvótakerfið er ekki fullkomið fremur en önnur mannanna verk, og það má ugglaust bæta á margan hátt. Mörg byggðarlög á landsbyggðinni eiga í erfiðleikum og af þeim ástæðum segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að huga skuli sérstaklega að áhrifum þess (kvótakerfisins) á þróun byggðar í landinu."

„Við höfum verið að úthluta þyngd af fiski, en við höfum alveg sleppt út úr þessu þremur meginvíddum, þ.e.a.s. hvernig við veiðum, hvar við veiðum og hvenær við veiðum." Sá er svo mælti var Einar heitinn Oddur Kristjánsson, þegar leitað var eftir viðbrögðum hans við ræðu Sturlu, en Einar lést sem kunnugt er skömmu síðar, langt um aldur fram.

Og nú hefur Rannsóknar- og þróunarmistöð Háskólans á Akureyri reiknað út að kvótakerfið hafi aukið skuldir sjávarútvegsins um 400 milljarða króna frá 1997 til 2008.

Um hvað munu ræður þjóðhátíðardagsins 2010 snúast? *s.h.*

Góður afli

Rúmlega 1.100 tonnum af sjávarafurðum var landað í Bolungarvík í síðasta mánuði. Hannes Andrésson SH var aflahæstur með 192 tonn í 15 róðrum en báturinn er gerður út til veiða á sæbjúga. Sirrý ÍS kom með 176 tonn að landi í 29 róðrum og er aflahæsti smábátur landsins um þegar mundir af bátum fyrir 10 brúttótonn. Guðmundur Einarsson ÍS kom með 156 tonn að landi í 29 róðrum og fast á hæla hans kom Hrólfur Einarsson ÍS með 114 tonn í 25 róðrum.

Þorlákur landaði 104 tonnum í 3 róðrum og Vilborg landaði 94 t. í 22 róðrum.

Buðu lægst

Verktakafyrirtækið KNH ehf., á Ísafirði bauð lægst í gerð aurvarnargarða neðan Gleiðarhjalla í Skutulsfirði. Fjögur tilboð bárust í verkið og voru þau öll yfir kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á 14.965.000 krónur. KNH ehf., bauð 20.595.890 krónur, Tígur ehf., bauð 23.255.635 krónur, Vinnuvélar Einars ehf, buðu 31.451.500 krónur og Þotan ehf, bauð 59.188.150 krónur.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til við bæjarstjórn að gengið verði til samninga við KNH ehf., á grundvelli tilboðs fyrirtækisins.

Spurningin

Hefur þú ferðast um friðlandið á Hornströndum?

Alls svöruðu 427.
Já sögðu 226 eða 53%
Nei sögðu 201 eða 47%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Suðlæg átt og skýjað vestanands, en bjartviðri á austanverðu landinu. Hlýtt í veðri, einkum fyrir norðan og austan. **Horfur á laugardag:** Suðvestanátt, rigning með köflum vestantil, annars þurrt. Kólnar heldur. **Horfur á sunnudag:** Suðvestanátt, rigning með köflum vestantil, annars þurrt. Kólnar heldur í veðri.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Fimm sóttu um starf forstöðumanns

Fimm konur sóttu um starf forstöðumanns Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Ísafirði, héraðsskjalasafnsins og ljósmyndasafns Ísafjarðar. Þær eru Edda Björg Kristmundsdóttir, Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, Guðrún Sv. Guðmundsdóttir, Jóna Símonía Bjarnadóttir, allar búsettar á Ísafirði, og Pernilla Rein, Hnífsdal.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar ákvað að vísa ráðningu forstöðumannsins til nýs bæjarráðs sem væntanlega kemur saman 21. júní nk.

kristjan@bb.is.

Kjaftshögg og slæm skilaboð

„Það er alvarleg þróun ef það verður niðurstaðan að verð sé misjafnt eftir landshlutum“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps er blaðið leitaði eftir viðbrögðum við fregnum að Skeljungur hafi skipt landinu upp í verðsvæði fyrir bensínstöðvar Orkunnar og það sé hæst á Vestfjörðum. „Við höfum þurft að horfa upp á að kostnaður vegna húshitunar á landsbyggðinni sé mun hærri en á höfuðborgarsvæðinu og ef bensínsverð er að fara í sömu átt held ég að það sé eins gott að spyrna við. Það yrði því verðugt og stórt verkefni fyrir nýjar sveitarstjórnir að standa saman og spyrna gegn þessari þróun,“ segir Ómar. Eins og frá hefur verið greint hafa orðið breytingar á eignarhaldi Skeljungs og nú hefur ný verðstefna fyrirtækisins verið kynnt og býður Orkan sama verð á eldsneyti innan sama landsvæðis. Verðið er hins vegar misjafnt eftir landsvæðum.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, segir þetta mjög slæma þróun. „Ég er mjög ósáttur ef það á skipta landinu upp með þessum hætti og finnst það ósanngjarnt gagnvart kúnnum fyrirtækisins. Til þess höfum

Bensínverðið er hæst á Vestfjörðum.

við jöfnunarsjóð um flutning á olíu svo ekki þurfi að gera uppi á milli dreifingarstöðva.“

„Mér finnst engin ástæða að það sé allt önnur verðlagning fyrir vestan en annars staðar á landinu,“ segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður VG og nefndarmaður í samgöngunefnd . „Þar sem flutningsjöfnunarsjóður sér um að mæta dreifingarkostnaði fyrir allar olíuvörur þess vegna sé ég enga ástæðu til að fela sig bak við kostnað við flutning. Mér finnst þetta kjaftshögg og mjög slæm skilaboð sem fyrirtækið er að senda og að það þurfi að leiðrétta þetta strax. Íbúar hljóta mæta þessu með því að hætta að skipta við fyrirtækið ef þetta verður raunin og snúa sér þá til annarra sem stunda eðlilegri og sanngjarnari vinnuhætti.“

Á Alþingisvefnum segir að flutningssjóður olíuvara er fjármagnaður með flutningsjöfnunargjaldi sem lagt er á allar olíuvörur sem fluttar eru til landsins og hefur því hækkunin ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Framlög og tekjur sjóðsins eru áætluð um 520 milljónir króna á árinu 2010.

Markmið laganna er að jafna flutningskostnað á eldsneyti frá innflutningshöfn til allra þéttbýlisstaða á landinu.

Capacent Ráðningar

BÆJARSTJÓRI
ÍSAFJARÐARBÆR

ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafjarðarbær varð til 1. júní 1996 við sameiningu 6 sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum. Bæjarfélagið er víðfeðmt og teygir sig allt frá Arnarfirði að sunnanverðu að Geirólfsnúpi á Hornströndum. Byggðakjarnar sveitarfélagsins eru fimm talsins: Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri og Þingeyri.

Ísafjarðarbær óskar eftir að ráða bæjarstjóra.

Verksvið bæjarstjóra er m.a:
- framkvæmdastjórn sveitarfélagsins
- ábyrgð á stefnumótun og áætlanagerð
- ábyrgð á og stýra daglegum rekstri
- samskipti við hagsmunaaðila
- framkvæmd á ákvörðunum bæjarstjórnar
- þátttaka í uppbyggingu samfélagsins

Leitum eftir einstaklingi sem hefur:
- leiðtogahæfileika
- stefnumótandi hugsun
- áhuga á uppbyggingu samfélagsins
- frumkvæði og metnað
- mjög góða samskiptahæfileika

Menntunarkröfur og reynsla:
- háskólamenntun sem nýtist í starfi, er æskileg
- þekking og reynsla af fjármálum, stjórnun og rekstri
- þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga, er kostur
- eftirfylgni stefnumótunar

Í boði er:
- fjölbreytt og áhugavert samfélag
- metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- tækifæri til að hafa áhrif á mótun sveitarfélagsins

Ísafjarðarbær er skemmtilegur og litríkur bær í sókn sem hefur margt að bjóða. Öfluga skóla, fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf, blómlegt tónlistar- og menningarlíf, góða þjónustu og verslanir, eitt besta skíðasvæði landsins og endalausa möguleika til að njóta einstakrar náttúru svæðisins.

Umsjón með ráðningunni hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þorbjörg Guðjónsdóttir (thorbjorg.gudjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Glerárgötu 36
Sími 540 1000

capacent

Gríðarlegar sveiflur í ne
gerð á liðnum áratugu

– spjallað við Magna í Netagerðinni um viðfangsefnin um dagana og lífið og tilverun

Magni Örvar Guðmundsson hefur um áratugaskeið verið betur þekktur á Ísafirði sem Magni í Netagerðinni. Hann er fæddur á Ísafirði síðasta dag júnímánaðar árið 1944 og því nánast jafnaldri íslenska lýðveldisins. Foreldrar hans voru Guðmundur Sveinsson netagerðarmeistari frá Góustöðum í Skutulsfirði og Bjarney Ólafsdóttir kona hans. Magni byrjaði að vinna í sumarvinnu í Netagerð Vestfjarða fermingarárið sitt 1958.

„Ég er búinn að vera að mestu viðloðandi þetta síðan, eða meira en hálfa öld, nema hvað ég fór á sjó í nokkur ár og á tímabili var hreinlega ekkert að gera í netagerðinni fyrst eftir síldarhrunið. En núna er ég búinn að vera við þetta óslitið síðan 1973.

Í vinnunni hef ég séð á svona löngum tíma gríðarlegar sveiflur upp og niður og breytingar á veiðarfærum og því efni sem notað er. Til dæmis þegar ég var að byrja voru síldarnæturnar enn úr bómull og með náttúrulegum korki. Næturnar voru tjargaðar og barkaðar og þetta var mjög óþrifalegt. Maður var allur útataður í tjöru og borin var tólg á hendurnar svo ekki stæði allt fast. Svo var mikið ryk úr nótunum þegar verið var að vinna við þær á veturna.

Stærðin á nótunum þegar ég er fyrst að vinna við þær í vetrarviðgerðum var ekki meiri en svo, að við vorum með tvær nætur sitt hvoru megin í plássi sem var ekki nema sirka 10x12 metrar og undir súð með portum sem voru sirka 1,20 m. Núna væri ekki hægt að koma fyrir í því plássi nema einhverju broti af loðnunót enda komust gömlu næturnar á lítinn 5-6 tonna vörubíl.

Um og upp úr 1960 koma nylonnæturnar til sögu, bátarnir og næturnar stækkuðu og bætt var við húsnæði. Oft var mikil vinna seinni part vetrar og á vorin við að setja upp nýjar nætur og gera við eldri. Þá unnu oft við þetta allt saman um 30 manns. Eitt vorið, sennilega 1962, var unnið á loftinu í Edinborgarhúsinu við uppsetningu á nýjum nótum.

En árið 1967 hrundi síldaræv-intýrið til grunna og það sumar var þess vegna lítið að gera. Sumarið eftir fórum við á sjó og unnum ýmislegt sem til féll. Upp úr því fara bátar hér að fara á fiskitroll og þá byrjuðum við fyrir alvöru að sinna þeirri grein, en síldveiðar og vinna við síldarnætur lognaðist sjálfkrafa út af.“

Húsið sem átti að hrynja

Fyrstu æviárin átti Magni heima í Rafstöðinni í Engidal í Skutulsfirði, þar sem Guðmundur faðir hans vann sem vélgæslumaður í nokkur ár, en síðan þegar drengurinn var um þriggja ára aldur fluttist fjölskyldan út á Engjaveg 24 og þar ólst hann upp fram til fullorðinsára. Á starfsárum sínum í Rafstöðinni byggði Guðmundur húsið á Engjavegi í frístundum.

„Það var fyrsta húsið á Ísafirði sem var hlaðið úr forsteyptum steini“, segir Magni, „pabbi steypti steinana inni í Rafstöð. Það hafði engin trú á þessari aðferð og honum gekk ekkert vel að fá múrara til að standa fyrir verkinu að hlaða húsið. Menn voru með alls konar hrakspár, þetta myndi hrynja og allt þess háttar, en Þórður Jónsson múrarameistari hafði lært múrverk í Danmörku og hafði fulla trú á þessu og tók verkið að sér.

Mér er minnisstætt sem krakka, að þegar Þórður kom einhvern tímann og var að vinna eitthvað annað heima, þá bankaði hann í vegginn í eldhúsinu og sagði: Enn stendur það sem átti að hrynja. Á Engjaveginn fluttum við 1947 og þar átti ég heima þar til ég fór sjálfur að búa.“

Einn vetur í skóla á Skeiðinu

„Þarna var fullt af krökkum, mörg börn í hverju húsi. Á sumrin var ég mikið hjá afa mínum og ömmu á Góustöðum, þeim Sveini og Guðríði, og var þar líka einn vetur þegar ég var níu ára og gekk í skólann á Skeiðinu hjá Kristínu Jóhannesdóttur. Það er núna húsið hans Péturs Tryggva silfursmiðs fyrir neðan Brautarholt.

Við yngri krakkarnir vorum eftir hádegi og þeir eldri fyrir hádegi. Þarna voru nokkrir árgangar saman í stofu í einu og maður lærði þess vegna líka upp fyrir sig ásamt sínu. Líklega var heildarnemendafjöldi skólans á Skeiðinu innan við tuttugu krakkar, það er færri en við vorum í einum bekk á Ísafirði. Mig minnir að við höfum verið um og yfir 30 þar. Þarna kenndi Kristín líka leikfimi. Hún setti upp leikrit og árshátíð með fjölbreyttri dagskrá og balli á eftir. Ótrúlegt var hvað miklu hún kom í verk.“

Í netagerð frá fermingarsumrinu

„Ég átti góða æsku og uppvöxt við leik og störf, var á sumrin allt til fermingar á Góustöðum eins og áður sagði, en fór fermingarsumarið mitt 1958 að vinna í Netagerðinni og fór með pabba til Siglufjarðar til að vinna með honum. Á þessum árum fylgdu netagerðarmenn flotanum frá því að síldarvertíð hófst í júní og þar til henni lauk í ágúst-september.

Þetta var mikið ævintýri, mikil vinna og rífandi þénusta. Ég var nú ekki lengi í fyrsta skiptið, mig minnir tvær til þrjár vikur. Það var skipaverkfall þetta vor eins og oftar og þegar við ætluðum norður fengum við far með rútu sem var að koma með ísfirska iðnnema úr ferðalagi. Keyrt var um kvöldið og nóttina frá Melgraseyri og við látnir út í Varmahlíð í Skagafirði milli klukkan 5 og 6 um morguninn. Þar biðum við þar til símstöðin var opnuð og þá var hægt að útvega jeppa sem fór með okkur til Siglufjarðar.

Sumarið eftir var ég að vinna við að leggja háspennulínu frá Breiðadal í Önundarfirði út í Stórurð.

Eftir það vann ég í Netagerðinni og við fórum á sumrin á Siglufjörð og Seyðisfjörð. Vorið 1961 þegar ég lauk gagnfræðaprófi fór ég á námssamning í netagerð og ég get nánast sagt að það hafi verið mitt aðalstarf síðan, að undanskildum þeim árum sem ég var á sjó og í annarri vinnu, en það eru kannski ekki nema svona þrjú-fjögur ár ef allt er talið saman.“

Netagerð Vestfjarða og Fjarðanet

Guðmundur faðir Magna stofnaði Netagerð Vestfjarða hf. á Grænagarði árið 1954 ásamt nokkrum félögum sínum. Það voru þeir Guðmundur Guðmundsson (Muggur), Sigurður Sveinsson bróðir Guðmundar, Sigurjón Halldórsson í Tungu og Ólafur Guðmundsson í Árbæ. Þeir keyptu þá eignir Péturs Njarðvík sem hafði rekið netagerð á Grænagarði. Áður hafði Guðmundur rekið netagerð í Hæstakaupstaðarhúsinu stóra rétt hjá Alþýðuhúsinu á Eyrinni á Ísafirði, húsinu sem núna er verið að breyta í allt mögulegt. Það fyrirtæki hét Netagerð Guðmundar Sveinssonar.

„Á þessum árum var reksturinn í netagerð erfiður“, segir Magni. „Mest var unnið við síldarvörpur en um þetta leyti er lægð í síldveiðunum og lítið um að vera í útgerð hér á Ísafirði. Síðan koma hér fljótlega til sögunnar ný útgerðarfyrirtæki, keyptir eru fleiri bátar í bæinn og umsvifin verða meiri. En alveg fram að 1967 þegar síldarhrunið verður er meginstarfsemin við síldarvörpur. Upp úr því koma hins vegar til sögunnar trollbátar og síðar skuttogararnir. Einnig var upp úr 1960 vaxandi vinna að sinna innfjarðarækjuveiðinni því að þeim stöðum um landið fjölgaði þar sem farið var að gera út á innfjarðarækju.“

Þegar Guðmundur Sveinsson féll frá árið 1987 tók Magni tók við forstöðu Netagerðarinnar.

Miklar breytingar og raunar sviptingar hafa átt sér stað í stórútgerðinni á Ísafirði og annars staðar á norðanverðum Vestfjörðum á undanförnum árum og áratugum. Þar á meðal hafa togararnir horfið á braut hver af öðrum þó að enn séu fáeinir eftir. Áður en það gerðist voru umsvifin mikil hjá Netagerðinni og líka ekki síst vegna þess hversu öflugar úthafsrækjuveiðarnar voru. Þær fóru af stað fyrir alvöru upp úr 1980, fyrst á sumrin og svo síðar sem heilsársútgerð. Í mörg ár voru milli 70 og 80 prósent af veltunni hjá fyrirtækinu vegna rækjuveiðanna, að sögn Magna, bæði innanlands og einnig voru rækjuvörpur fluttar út til annarra landa.

Milli áranna 1999 og 2000 datt veltan hjá Netagerðinni úr um 200 milljónum króna og niður í um 50 milljónir, þannig að samdrátturinn milli ára var gríðarlegur.

Netagerð Vestfjarða sameinaðist árið 2004 Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar á Neskaupstað, sem áður var búin að kaupa netagerðir á Akureyri, Siglufirði og Seyðisfirði, og upp úr þessu var stofnað fyrirtækið Fjarðanet hf. Frá þeim tíma hefur Magni Guðmundsson verið rekstrarstjóri yfir einingunni á Ísafirði, „sem núna er vissulega ekki nema svipur hjá sjón miðað við það sem var á árum áður“, eins og hann segir.

Milljón tonn af kræklingi ...

– En þú ert með fleiri færi í sjónum, ef þannig má komast að orði. Kræklingurinn er ærið viðfangsefni.

„Já, kræklingseldi hefur reyndar verið mér ofarlega í huga allt frá því um 1980, þegar Jón Jóhannesson var hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hér á Ísafirði. Þá sagði hann einhvern tímann við mig: Magni, veistu að það eru svona milljón tonn af kræklingi í sjónum í kringum Ísland og það er alveg hægt að rækta þetta. Þá prófuðum við að leggja línur hérna við Arnarnesið. Við kunnum lítið og vissum enn minna og við áttum ekki einu sinni bát. En þetta heppnaðist og kræklingurinn settist á línurnar og við fengum í matinn nokkrum sinnum. Ég gleymi aldrei hvað hann var miklu betri og með meiri innmat en skelin sem við vorum að tína á fjörunum, og svo voru hvorki sandur eða perlur í honum.

í neta-
atugum

lífið og tilveruna yfirleitt

Síðan blundaði þetta alltaf og enginn tími til að gera neitt fyrir þessu daglega amstri. Það er alveg rétt og ég er alveg sammála manninum sem sagði að það væri sko alveg nauðsynlegt að hafa vinnu, en gallinn við hana væri sá hvað hún sliti í sundur áhugamálin og tómstundirnar og það sem maður vildi gera í þeim.

En árið 2000 keypti ég mér trillu og prófaði þá að leggja svolitla lögn inni í Hestfirði. Þetta fór allt í flækju en Beggi á Skarði fór með mér á Dagnýju sinni og okkur tókst að greiða þetta svo það sást árangur, ég fékk fína skel með miklum og góðum innmat.“

Meira en maraþonhlaup

„Árið 2005 kom svo Gísli Jón Kristjánsson skipstjóri á Öldunni hérna á Ísafirði til liðsinnis og við lögðum aðra lögn inni í Hestfirði. Þetta leit áfram vel út og við tókum okkur saman nokkrir góðir menn og stofnuðum fyrirtækið Vesturskel ehf. í febrúar 2007 til þess að gera þetta í alvöru. Núna er svo komið að þetta er orðið í alvöru, en svona hlutir taka tíma. Þetta er ekkert sem þú stekkur í og verður ríkur á morgun. Þetta er ekki spretthlaup heldur langhlaup, miklu meira en maraþonhlaup, þarna þarf þolinmæði og þolinmótt fjármagn, en við erum alveg sannfærðir um að það skilar sér vel í fyllingu tímans.“

– Þið vinnið að þessu markvisst og stöðugt?

„Já, þetta er í fullum gangi. Við erum búnir að ráða starfsmann, allavega núna í sumar, sem vinnur við eftirlit og undirbúning að meiri útlögn og öðru sem til þarf við undirbúning á framtíðarverkefnum félagsins. Ekki má gleyma því að afraksturinn kemur ekki fyrr en eftir 24-30 mánuði, en gleymið því samt ekki að þetta er miklu fljótara að skila arði en til dæmis skógrækt. Það eru kommnir mjög margir kílómetrar af línum í sjó og mikill hugur í okkur.“

– Er „uppskerutími“ á kræklingingnum allt árið eða bara á viss-

um tíma árs?

„Þegar allt er komið í fullan gang ætti uppskerutíminn að vera um átta mánuðir á ári og jafnvel rúmlega það. Kræklingurinn er lélegastur og rýrastur í skelinni frá því um eða upp úr miðjum desember og fram í apríl, þegar kaldast er og dimmast og minnst líf í sjónum. Reyndar vorum við með ágætis skel fram undir síðustu áramót. Samt er innihaldið í skelinni á þessum lakasta tíma hjá okkur ekkert lélegra en gengur og gerist um krækling á markaði í Evrópu. En okkur finnst það lítið."

– Þið eruð komnir með línur víðar en í Hestfirði.

„Já, við erum líka með línur í Álftafirði, Seyðisfirði og Skötufirði og á Æðeyjargrunni. Það er verið að prófa þetta mjög víða, bæði innarlega í fjörðunum og beggja vegna, til að sjá hvar þetta kemur best út. Líka er þetta gert til að dreifa áhættunni ef eitthvað kemur upp á."

Sögufélag Ísfirðinga og starfið þar

– Einn kapítulinn í lífi þínu er Sögufélag Ísfirðinga.

„Pabbi minn féll frá árið 1987 og fyrir næsta aðalfund kom Jón Páll Halldórsson að máli við mig og spurði hvort ég vildi gefa kost á mér í stjórn félagsins af því að pabbi hefði verið þar. Ég sagði já og þótti heiður að þessu. Líka hef ég alltaf haft áhuga á sögu.

Ég var kosinn og í stjórninni hef ég verið síðan og hefur þótt afskaplega skemmtilegt og áhugavert að vinna þar með þessu sögufróða fólki. Sérstaklega af því ég er ekkert sérstaklega minnugur á hlutina en það rifjast upp fyrir mér ótrúlega margt þegar ég heyri það eða les í öðru samhengi.

Reyndar er þetta nú ekki mikið starf sem ég inni af hendi. Framan af var ég ritari en núna er ég gjaldkeri félagsins. Ég tók við því starfi þegar Eyjólfur Jónsson lést fyrir eitthvað um áratug, minnir mig. Ég á ekki von á að ég skrifi greinar í Ársritið sögulegs efnis en þetta er skemmtilegt og gefandi félagsstarf."

– Það er kraftur í Sögufélagi Ísfirðinga eins og hefur verið allt frá stofnun þess fyrir margt löngu.

„Já, það má segja það. Ársritið hefur alltaf sinn fasta sess og félagið hefur gefið út talsverðan slæðing af bókum á undanförnum árum. Það er alltaf eitthvað skemmtilegt í gangi. Núna í vetur kom til dæmis út hljóðbók þar sem eru lesnir valdir kaflar úr Ársritinu."

Minna fyrir blómin

– Hver eru helstu viðfangsefni þín í tómstundum?

„Ætli það sé ekki með mig eins og svo marga aðra, að ég er alltaf með svo margt undir í einu að það verður oft lítið sem klárast, því það er verið að grauta í öllu í einu. Við búum nú hér á Seljalandi sex mánuði ársins með stóran garð í kringum okkur.

Ég hef alltaf haft áhuga á garðrækt og ræktun jarðar. Við erum með grænmeti, kartöflur og kryddjurtir, og blóm sem ég nenni nú lítið að sinna, og dálitla trjárækt sem var orðin töluverð, en megnið af henni varð að láta í minni pokann þegar snjóflóðavarnargarðurinn var byggður."

Fuglarnir hreyfa sig ekki

„Svo á ég trilluna mína sem heitir Fauinn, en það er gælunafn sem afi minn Sveinn á Góustöðum fékk sem ungur maður en fylgdi honum ekki samt svo ég muni. Við förum saman og sækjum okkur fisk í soðið hérna fram á Djúpið og stússuðumst á bátnum við kræklingaræktina frá 2000 og til 2005.

Fauinn er mikið skip, 5,8 metra langur súðbyrðingur með 10 hestafla vél og ganghraðinn getur alveg farið í fimm mílur í góðu. En það er allt í lagi því okkur liggur ekkert á, fuglarnir hreyfa sig ekki þegar við nálgumst og síga bara aftur með síðunni ef við náum þeim á sundi."

Kokkarí og gönguskíði

„Svo get ég ekki neitað því að mér finnst gaman að elda mat og spái tölvert í það. Hins vegar er ég enginn framúrstefnukokkur en prófa ýmislegt. En ég er ekki nógu duglegur að punkta hjá mér hvað ég geri, þannig að útkoman verður aldrei sú sama. Annað áhugamál mitt er bóklestur, aðallega sögulegt efni núna í seinni tíð. Smekkurinn breytist með aldrinum. Ég hef alla tíð lesið mikið.

Síðan fer ég töluvert á gönguskíði á veturna og fæ mér göngutúra á svipuðum slóðum á sumrin. Ég hef farið á skíði nánast frá því ég man eftir mér en aldrei verið neitt sem heitir í keppni síðan ég var unglingur. Mér finnst mjög gaman að fara á gönguskíði, að ég tali ekki um í góðu veðri um fjöllin og heiðarnar hér rétt fyrir ofan okkur. Það er algjör lúxus sem margir öfunda okkur af hvað stutt er að fara í kyrrðina og friðinn. Og maður lætur sig bara hafa það þó að vélsleði geysist framhjá annað slagið, þeir eru svo fljótir að hverfa úr augsýn."

Innan við mínútu á sviðinu

„Við Svana störfuðum bæði með Litla leiklúbbnum í nokkur ár. Ég var mest í sviðsvinnu, ljósum og þess háttar, en hafði ekki mikinn áhuga á að leika. Þó var mér einu sinni þvælt upp á sviðið í einni leiksýningu hjá Litla leikklúbbnum, ætli innkoman hafi ekki verið svona hálf til ein mínúta.

Það var mjög gaman að vinna við leikstarfsemina en það tók nánast allan þann tíma sem var laus þegar verið var að vinna við þetta. En þarna var unnið með og kynnst mörgu fólki sem maður hefði annars aldrei hitt á lífsleiðinni."

Hættur að nenna pólitísku vafstri

„Hér á árum áður var ég svolítið að vasast í félagsmálum og pólitík með Framsóknarflokknum en hef dregið mig alveg út úr því á síðustu árum. Ég hreinlega nenni ekki lengur að standa í þessu pólitíska vafstri. Ég var í bókasafnsstjórn og undirkjörstjórnum og seinna í yfirkjörstjórn og náði því að vera formaður hennar í nokkur ár. Einnig vann ég dálítið að íþróttamálum, nánast eingöngu að því sem sneri að skíðaíþróttinni.

Ég tek ofan fyrir því unga fólki og styð það af alhug, hvar í flokki sem það stendur, ef það vill gefa sig í það vanþakkláta starf að vinna samfélagi sínu allt það besta, sem ég efast ekki um að er markmiðið. Ég þakka þessu fólki fyrir að eyða tíma sínum í að vinna að velferð og framtíð samfélagins okkar sem okkur þykir vænt um og við viljum öll að sé sem mest og best."

– Pabbi þinn var mjög virkur í pólitíkinni, bæjarfulltrúi fyrir Framsókn og forseti bæjarstjórnar.

„Já, hann var það. Hann hafði mikinn pólitískan áhuga og starfaði mikið á þeim vetttvangi, sérstaklega í bæjarmálum og málum kjördæmisins, að ég tali ekki um alla þá vinnu sem hann lagði í við byggingu skíðaaðstöðunnar á Seljalandsdal. Hann lét sér held ég ekkert mál óviðkomandi sem hann taldi að væri framtíðinni og æskunni til góða. Ég hef ekki erft þennan eldmóð hans í félagsmálum og það er ekki laust við að ég hálfskammist mín stundum fyrir leti mína á þeim sviðum. Þó hef ég ekki látið það alveg vera, eins og ég sagði."

Eiginkona og barnalán

Eiginkona Magna er Svanhildur Þórðardóttir. „Hún er dóttir hans Tóta í Kaupfélaginu og hennar Gurru saumakonu. Við giftumst árið 1966 og fórum að búa saman í Krók 1 árið 1968. Fljótlega eignuðumst við þrjár dætur, þær Hörpu, Mörtu Hlín og Guðbjörgu Höllu. Þær eru allar giftar og barnabörnin okkar eru níu á aldrinum átta til nítján ára. Sex strákar og þrjár stelpur", segir Magni Örvar Guðmundsson, betur þekktur sem Magni í Netagerðinni.

Sönglagakeppnin á geisladisk

Lögin sem flutt voru í Sönglagakeppni Vestfjarða sem fram fór í síðustu viku verða gefin út á geisladisk. Að sögn Magnúsar Hávarðarsonar, skipuleggjanda keppninnar, var strax eftir keppnina haldið í hljóðverið Tankinn á Flateyri þar sem upptökur hafa farið fram undanfarna daga.

Hljómsveit keppninnar, sem skipa þeir Valdimar Olgeirsson, Haukur Vagnsson, Hrólfur Vagnsson, Jón Hallfreð Engilbertsson og Magnús Hávarðarson, hefur lokið sínu verki og er næsta skref að fá alla söngvarana til að ljúka verkinu. Ekki er komin dagsetning á útgáfu disksins en stefnt er að því að gefa hann út sem fyrst. Alls tóku fjórtán lög þátt í úrslitakeppninni. Sigurvegari var Helgi Rafn með lag sitt, *Fugl fyrir vestan*.

Sjö lokaverkefni styrkt

Vaxtarsamningur Vestfjarða hefur ákveðið að styrkja sjö lokaverkefni háskólanema í framhaldsnámi. Allir stunda þeir meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða að undanskildum einum, Theodór Kristjánssyni, sem stundar doktorsnám við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Í úthlutunarnefnd sitja Neil Shiran Þórisson, Peter Weiss og Kristján Jóakimsson. Í tilkynningu frá Neil Shiran Þórissyni framkvæmdastjóra Vaxtarsamnings Vestfjarða kemur fram, að sjóðurinn telur mikilvægt að styðja við rannsóknir nemenda sem snúa að uppbyggingu atvinnulífs og samfélags á Vestfjörðum.

„Í ljósi þessarar áherslu var settur á laggirnar styrktarsjóður fyrir námsmenn í háskólanámi sem höfðu tengingu við Vestfirði. Mörg verkefnanna sem fengu styrk hafa beina tengingu við atvinnulífið og geta skapað efnahagslegan vöxt ef niðurstöður reynast jákvæðar. Í nokkrum ofangreindra verkefna eru skoðaðir þættir sem hafa mikil áhrif á samfélag og atvinnulíf. Í þeim er stuðst við aðferðafræði sem nýta mætti víðar í fjórðungnum. Í heild sinni eru verkefnin öll mjög áhugaverð og munu niðurstöður þeirra án efa hafa hagnýtt gildi bæði beint og óbeint fyrir atvinnulíf svæðisins. Það er von Vaxtarsamnings Vestfjarða að með styrkveitingunum sé verið að ýta undir rannsóknaráhuga nema á Vestfjörðum og árangurinn verði bæði efnahagslegur og samfélagslegur“, segir í tilkynningu.

Nemendurnir ásamt fulltrúum Háskólaseturs Vestfjarða og Vaxtarsamnings Vestfjarða.

Mat nefndarinnar var að veita eftirfarandi verkefnum styrk:

Arastou Gharibi – Vöktun á botnlífríki sjávar í Skutulsfirði í tengslum við úrgangsvatn.

Lindsay Church – Fýsileikakönnun á sjálfbærri ferðaþjónustu í heild sinni á Vestfjörðum.

Manuel Meidinger – Mat á áhrifum hækkandi sjávaryfirborðs og mikilla óveðra fyrir Ísafjarðarbæ.

Alan Deverell – Fýsileikakönnun á þróun á kafarasporti.

Alex Elliott – Sjálfbærni (efnahaglegt og umhverfislegt) í ferðamennsku á jaðarsvæðum miðað við ákveðna reynslu af fyrirhuguðum framkvæmdum á Nauteyri.

Eteienne Gernez – Mat á hagkvæmni og umhverfisáhrifum af RoRo skipaflutningum og landflutningum fyrir flutning á sjávarafurðum Vestfjarða.

Theodór Kristjánsson – Kynbætur í þorskeldi.



KONUR
ERU KONUM BESTAR

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
LAUGARDAGINN 19. JÚNÍ
GANGA EÐA SKOKK – ÞÚ RÆÐUR HRAÐANUM

www.sjova.is

Hlaupið er á eftirtöldum stöðum á svæðinu:

Ísafjörður: Hlaupið frá Íþróttahúsinu Torfnesi kl. 11:00. Vegalengdir í boði: 3 km, 5 km og 7 km. Forskráning í versluninni Jóni og Gunnu, á skrifstofu Sjóvá og í versluninni Hlíf. Frítt í allar sundlaugar í Ísafjarðarbæ að loknu hlaupi.

Bolungarvík: Hlaupið frá Hrafnakletti kl. 10:30. Vegalengdir í boði: 3 km og 5 km. Forskráning við Samkaup föstudaginn 18. júní frá 15 – 17.

Súðavík: Hlaupið frá Gamla pósthúsinu kl. 11:00. Vegalengdir í boði: 2 km, 4 km og 5 km . Forskráning í Víkurbúðinni.

Flateyri: Hlaupið frá íþróttahúsinu á Flateyri kl. 13:00. Vegalengd í boði: 2,5 km.

Suðureyri: Hlaupið frá íþróttahúsinu á Suðureyri kl. 11:00. Vegalengdir í boði: 2 km og 4 km. Forskráning hjá Þorgerði Karlsdóttur í síma 899 - 9562. Frítt í sund að loknu hlaupi.

Patreksfjörður: Hlaupið frá Bröttuhlíð kl. 11:00. Vegalengdir í boði: 2 km. Frítt í sund að loknu hlaupi.

Barðaströnd: Hlaupið frá Innri-Múla kl. 21:00. Vegalengdir eru frjálsar. Forskráning hjá Kristínu Hauks í síma 616-7965. Hressing í boði að loknu hlaupi.

Bíldudalur: Hlaupið frá Slökkvistöðinni kl. 14:00. Forskráning hjá Ragnheiði K. Benediktsdóttur í síma 846-8859 og 456-2203.

Þingeyri: Hlaupið frá Íþróttamiðstöð Þingeyrarodda kl. 11:00. Vegalengd í boði: 3 km. Forskráning að Brekkugötu 42.

Hólmavík: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni á Hólmavík kl. 11. Vegalengdir í boði: 1 km, 5 km og 10 km. Forskráning hjá Bryndísi í síma 8471864 eða á netfanginu brynkas@simnet.is

Drangsnes: Hlaupið frá Fiskvinnslunni Dranga kl. 11:00. Forskráning í Kaupfélagi Steingrímsfjarðar Drangsnesi.

Þátttökugjald er 1.250 kr.

LÝÐHEILSUSTÖÐ Kristall Ísland á ferð Weetabix SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ SJÓVÁ

smáar

Til sölu eru fjórar 17" original Subaru álfelgur með þremur sumardekkjum. Tilboð óskast. Uppl. gefur Guðmundur í síma 699 4053.

Þarftu að flytja búslóð eða annað? Verð á suðurleið um næstu mánaðarmót. Bíll með lyftu. Uppl. í síma 861 1436 og 456 2172.

Til leigu er 4ra herb. íbúð miðsvæðis í Kaupmannahöfn (Amager) á tímabilinu frá 16. júní til 27. ágúst. Hægt er að fá sólarhrings leigu, vikuleigu eða allt tímabilið. Verð fer eftir lengd leigutíma. Áhugasamir hafi samband á netfangið siggathrastar@gmail.com.

Óska eftir toppgrind sem gæti passað á Austin Mini Cooper. Uppl. í síma 867 4890 (Haukur)

Lægri kostnaður

Kostnaður við félagslega þjónustu á íbúa í sveitarfélögunum þremur við Djúp hefur verið nokkru lægri en á landsvísu. Í Bolungarvíkurkaupstað hefur kostnaður á íbúa verið um 60% af landsmeðaltali, 50% í Ísafjarðarbæ og frá því að vera um 40% í Súðavíkurhreppi. Þetta kemur fram í skýrslu Hundrað daga nefndarinnar svokölluðu.

Þar segir að ekki er gert ráð fyrir því að umfang muni breytast með sameiningu sveitarfélaganna, en gera má ráð fyrir því að þjónustu megi efla með aukinni sérhæfingu.

Ætlum að eiga heima á Ísafirði

„Á þessu stigi get ég ekki sagt neitt um það hvað tekur við hjá mér. Ég á eftir að svara þeim sem rætt hafa við mig um aðkomu mína að verkefnum“, segir Halldór Halldórsson, fráfarandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, en þar mun vera um einkaaðila að ræða. „Hins vegar er ljóst að ég verð enn um sinn í starfi bæjarstjóra því að það þarf að auglýsa og það ferli tekur alltaf einhvern tíma. Ég hef verið beðinn um að gegna starfinu þangað til það er gengið í gegn. En ég get sagt að ég hef hug á því að gefa kost á mér áfram sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga á landsþingi þess í haust. Þó að það sé ekki starf í sjálfu sér, þá hef ég áhuga á því að sinna því verki áfram. Eftir þessi bráðum fjögur ár mín sem formaður eru mörg verkefni sem við erum byrjuð á og ég vil halda áfram að stýra.“

Enda þótt Halldór láti nú af störfum sem bæjarstjóri og bæjarfulltrúi er hann áfram kjörgengur í formannsstarfið hjá sambandinu vegna þess að hann er nú varabæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, þar sem hann skipaði 8. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í nýliðnum kosningum.

Halldór segir ekkert hæft í þeim orðrómi að hann verði bæjarstjóri í Grindavík. „Nei, auðvitað hafa einhverjir spurt hvort ég muni sækja um hér eða þar. Ég hef alltaf sagt að maður skoðar öll góð tilboð, það liggur í hlutarins eðli, en ég stefni ekki að því að sækja um bæjarstjórastarf annars staðar. Enda sé ég það ekki fyrir mér að það yrði auðvelt að sinna því frá Ísafirði. Ég held að enginn myndi vilja slíkan bæjarstjóra. Útgangspunktur okkar er einfaldlega þessi: Við eigum heima á Ísafirði og við ætlum að eiga heima áfram á Ísafirði. Guðfinna kona mín er komin í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og það er skuldbinding við íbúana til næstu fjögurra ára“, segir Halldór Halldórsson.

Setja upp Emil í Kattholti

Litli Leikklúbburinn á Ísafirði setur upp leikritið um stráksskrattann og ólátabelginn Emil í Kattholti, eftir Astrid Lindgren í haust. Ætlunin er að frumsýna verkið í október en leikstjórn verður í höndum Elfars Loga Hannessonar. „Ég er svo heppinn að mér var boðið að leikstýra hjá Litla Leikklúbbnum þetta haust og ég þáði það með mikilli ánægju enda fengið að vinna svolítið með þeim, sett upp tvö söngstykki þannig ég hlakka mikið til að fá að fást núna við leikrit með söngvum,“ segir Elfar Logi. Hann segir að verkið hafi fljótlega stolið senunni þegar verið var að velja verk fyrir haustið enda allir sem elski prakkarann knáa. „Ég er alveg rosalega ánægður með þetta val. Þó ég hefði viljað setja upp öll hin stykkin sem í pottinum voru en

Elfar Logi Hannesson.

niðurstaðan var kannski sú vegna þess að þetta verk hefur aldrei verið sett upp hér á Ísafirði,“ segir Elfar og segist vel geta trúað því að þetta sé í fyrsta skiptið sem verkið er sett upp á Vestfjörðum.

„Það er miklu skemmtilegra að setja upp verk sem hafa ekki ratað hér á fjalirnar, heldur en að setja upp verk eins og Kardimommubæinn, með fullri virðingu fyrir því frábæra stykki,“ segir Elfar sem hefur aldrei áður komið að uppsetningu á Emil í Kattholti. Segist hann þó þekkja kappann vel og lesið ævintýrið oft ásamt því að eiga verkið á vínyl-plötu.

Töluvert þarf af fólki í leikritið og er stefnan sett á áheyrendaprufur. „Við viljum fá besta fólkið í verkið og þá sem treysta sér í þetta. Við ætlum að hafa opnar prufur í ágúst, fljótlega eftir Act Alone hátíðina og skömmu áður en skólarnir hefja göngu sína. Síðan verður æft á fullu í september og stefnt á að frumsýna fyrir lok október,“ segir Elfar Logi Hannesson sem leikstýrir Emil í Kattholti í haust.

Atvinnuleysi velt á sveitarstjórnir

Stakkur skrifar

Í upphafi ferlis síns lagði ríkisstjórnin mikinn þunga á það að um væri að ræða norræna velferðarstjórn og allt átti að verða gott aftur. En ríkisstjórnarinnar beið erfitt verk og að sumra mati óleysanlegt eða illleysanlegt, en ekki var unnt að láta þar við sitja. Hæst bar mikið atvinnuleysi sem fór í tveggja stafa tölu þegar verst var en hefur leikið í kringum 9% síðustu mánuði og heldur dregur úr yfir sumarið. Samt er skólafólk atvinnulaust og margir munu komast yfir tveggja ára mark greiðslu atvinnuleysisbóta á þessu ári.

Á sama tíma hafa greiðslur til lífeyrisþega lækkað og það kreppir einnig að yngsta aldurshópnum, en hlutfallslega flestir eru atvinnulausir í aldurshópnum að 25 ára. Ungt fólk leitar því í framhaldsskóla og ekki síst háskóla, en þar kreppir einnig að vegna minnkandi fjár sem veitt er til þeirra. Alls staðar er skorið og er það í samræmi við þær kröfur sem Alþjóða Gjaldeyrissjóðurinn gerir til opinbers reksturs í þeim löndum sem hann kemur að málum um þessar mundir. Niðurskurður í opinberum rekstri er alltaf erfiður og það á ekki að draga fjöður yfir þá staðreynd. Þvert á móti ber stjórnmálamönnum að ræða hana af festu og skynsemi og leita leiða til þess að ná fram hagræðingu og niðurskurði með sem mýkstum hætti. Kannski er það ekki hægt og allir verða að sæta þeim óþægindum sem fylgja.

Skattar hafa hækkað og munu sennilega gera það enn frekar. Áfengi var hækkað í verði, en það hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Það selst svo miklu minna af því að tekjur af áfengissölu eru lægri í krónum talið en fyrir hækkun verðsins. Stjórnmálamenn hljóta því að velta fyrir sér hvar og hvernig skuli bera niður næst. Ljóst er að þrátt fyrir að almenningur finni fyrir niðursveiflunni eða kreppunni, þó misjafnlega mikið sé, þá eru enn til peningar í samfélaginu. Þá peninga þarf að gera arðbæra og láta þá skila atvinnu fyrir þá sem enga hafa. Sennilega eiga sveitarfélög einna mestra hagsmuna að gæta í þessum efnum því brátt kemur að því að þeir sem þegið hafa atvinnuleysisbætur verði að leita til sveitarfélaganna þegar greiðslur þeirra stöðvast. Hætt er við að mörg sveitarfélaganna muni þá eiga í erfiðleikum með að taka á sig auknar byrðar.

Það er í vændum áður óþekktur vandi varðandi framfærsluskyldu sveitarfélaganna á Íslandi. Nú geta menn ekki flutt unnvörpum úr landi eins gerðist upp úr þrengingum 1968 þegar straumur fólks lá til Svíþjóðar, Ástralíu og Nýja Sjálands. Sveitarfélögin geta ekki sent fólk annað og þau bera skyldu til að sinna framfærslu þeirra sem hvorki hafa atvinnu né bætur vegna atvinnuskorts. Þeirra bíður erfitt verk ef ekki rætist úr að gera norræna velferðarstjórn að veruleika. Gleðilega þjóðhátíð!

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

MSC Poesia við ankeri í Skutulsfirði. Ljósm: Sigurjón J. Sigurðsson.

Fögnuðu komu MSC Poesia til Ísafjarðar

Fulltrúum frá Ísafjarðarbæ var boðið til hádegisverðar og móttökuathafnar um borð í skemmtiferðaskipinu MSC Poesia í sem lá við ankeri á Prestabugtinni norðan eyrarinnar í Skutulsfirði í síðustu viku. Athöfnin var haldin í tilefni þess að skipið er að sigla í fyrsta sinn um norður Evrópu og í fyrsta skipti til Íslands. Fyrir hönd Ísafjarðarbæjar fóru bæjarstjóri, hafnarstjóri, formaður hafnarstjórnar auk maka. Þá var einnig stjórnarformaður Vesturferða með í för ásamt maka. „Það var smá athöfn um borð, við skiptumst á gjöfum og þessu lauk síðan með leiðsögn um skipið," segir Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar sem lýst vel á skipið enda er það aðeins tveggja ára gamalt. „Þeir eru mjög ánægðir með áfangastaðinn. Það eru fjögur ár síðan að ég hitti þetta skipafélag fyrst og fórum að brydda upp á því við þá að fá þá í siglingu um norður Evrópu og sú er orðin raunin nú," segir Guðmundur.

MSC Poesia, er næst stærsta skemmtiferðaskipið sem sækir Ísafjörð heim í sumar. Skipið er 93.300 tonn að stærð og með því komu 2.500 farþegar. Skipið er gert út af skipafélaginu MSC (Mediterranean Shipping Company) á Ítalíu, en er smíðað í St. Nazaire í Frakkland. Um borð eru þrjár sundlaugar, heitir pottar, leikhús, tennisvöllur, líkamsræktarstöð og úrval veitinga- og skemmtistaða.

Francesca Calini, móttökustjóri MSC Poesia og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, skiptast á gjöfum. Ljósmyndir: Hálfdán Bjarki Hálfdánsson.

Francesca Calini og Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar skiptast á gjöfum.

Dýrast á Vestfjörðum

Olíufélagið Skeljungur hefur skipt um eigendur og nú hefur ný verðstefna fyrirtækisins verið kynnt. Það gildir jafnframt um bensínstöðvar Orkunnar, sem er í eigu Skeljungs.

Nú hefur landinu verið skipt í svæði og býður Orkan sama verð á eldsneyti innan sama landsvæðis, eins og fram kemur á heimasíðu fyrirtækisins. Þar kemur einnig fram, að bensínverð Orkunnar á Vestfjörðum er nú sjö krónum hærra en á höfuðborgarsvæðinu.

Hvort þetta er í einhverju samhengi við þá staðreynd að Atlantsolía er ekki með neina bensínstöð á Vestfjörðum og samkeppnin því minni skal ósagt látið.

Baldur Geirmundsson ásamt Ingibjörgu Guðmundsdóttur, Svanfríði Arnórsdóttur og Margréti Geirsdóttir.

BG og Ingibjörg, Svanfríður og Margrét

Skemmtilegur atburður átti sér stað á Sönglagakeppni Vestfjarða sem fram fór á föstudag. Voru þar samankomnar þrjár söngkonur sem sungið hafa með Baldri Geirmundssyni, eða BG, í gegnum tíðina. BG og Margrét tóku þátt í keppninni með lagið Vestfirðir en Ingibjörg Guðmundsdóttir og Svanfríður Arnórsdóttir voru meðal áhorfenda og þótti því kjörið að smella mynd af hópnum við þetta tækifæri. Þær Ingibjörg, Svanfríður og Margrét hafa allar sungið með BG á einhverjum tímapunkti í gegnum tíðina og skemmt mörgum manninum með lagaútgáfu og tónlistarflutning.

Dr. Þorleifur Eiríksson dýrafræðingur, forstöðumaður Náttúrugripasafns Bolungarvíkur og Náttúrustofu Vestfjarða.

Hvað finnst forstöðumanninum merkilegast?

Nú líður að því að ferðamenn fari um landið og þá fara söfnin á svæðinu að taka við sér. Bæjarins besta hafði samband við dr. Þorleif Eiríksson, forstöðumann Náttúrugripasafns Bolungarvíkur, og fengum við hann til að segja okkur hvaða fimm hlutir honum þykir merkilegastir á safninu.

5. Álka með blett. Þó að safnið sé frægast fyrir ísbjörninn er það ekki endilega það dýr sem safnamanninum þykir merkilegast. Þannig er á safninu álka með hvítan díl á hausnum, sem er sjaldgæft og ekki vitað um annað eintak á safni, en það er markmið safnsins að safna eins mörgum árstíða-, aldurs- og litarafbrigðum af fuglum eins og hægt er.

4. Flamingói. Flamingói eða flæmingi er ekki íslenskur fugl og ekki eiginlegur flækingur. Flæmingi (roðaflæmingi) hefur einu sinni sést á Íslandi og var það árið 1985. Þetta var líklega sami fugl og hafði haft fasta búsetu Strathbeg-vatn í NA-Skotlandi síðan 1974. Hann hvarf 1985 um svipað leyti og íslenskar álftir fóru að huga heimferð frá Skotlandi. Hann sást síðan ásamt álftum í A-Skaftafellssýslu.

3. Steinn með koluðu trjábolafari. Þrír jarðfræðinemar við kortlagningu á Rauðasandi fundu þennan stein hátt uppi í skriðu og sáu að í honum var far eftir trjábol sem hafði verið umlukinn hrauni og kolast. Í tímanna rás hafa síðan önnur steinefni komið í stað kolefnisins og því er bara steingert far eftir. Þrátt fyrir að steinninn sé níðþungur er hann svo merkilegur að jarðfræðinemarnir ákváðu að rogast með hann að bílnum og koma honum á safn.

2. Hrafn með hvítar fjaðrir. Davíð Stefánsson frá Fagraskógi gaf út ljóðabókina Svartar fjaðrir, sem varð mjög vinsæl. Þórbergur Þórðarson svaraði með bókinni „Hvítir hrafnar“. Hrafninn á safninu er með nokkrar hvítar fjaðrir í hvorum væng, sem er mjög sérstakt.

Uppáhalds kjúklingarétturinn og eplakaka fyrir sykursjúka

Sælkeri vikunnar deilir með lesendum Bæjarins besta uppskrift að uppáhalds kjúklingaréttinum hennar en hún eldar hann oft hann oft. Þar sem Elínbjörg er með sykursýki lætur hún einnig fylgja með uppskrift að köku sem hún gerir mikið. „Hún er mjög góð í eftirmat og meiri segja börnin mín elska hana," segir Elínbjörg.

Kjuklingur ı pesto
Fyrir ca 4

4-5 kjúklingabringur
1 lítil krukka sólþurrkaðir tómatar
4 stk ferskir tómatar
1/2 box sveppir
1/2 krukka fetaostur (má setja meira ef vill)
1 krukka grænt pestó

Skerið kjúklinginn í tvennt og steikið á pönnu og kryddið smá, þegar hann er næstum eldaður er hann settur í eldfastmót. Sólþurrkuðu og fersku tómatarnir eru skornir smátt og sveppirnir í sneiðar og er þetta sett yfir ásamt fetaostinum. Takið smá olíu af fetaostinum og hrærið pestóinu saman og hellið því yfir. Þetta er svo látið inn í ofn í um hálftíma við 200°, eða þar til kjúklingurinn er tilbúinn og tómatar mjúkir.

Borið fram með hrísgrjónum og snittubrauði frá Bakaranum.

Eplakaka

Sælkerinn

4 stór epli
2 tsk kanil
50 g hveiti
50 g undarennuduft
50 g létt majónes.

Eplin eru flysjuð og skorin í litla bita og set í eldfastmót og þá er kanil stráð yfir, svo er hveiti, undarennudufti og létt majónesi blandað saman í skál og mulið yfir þetta (eins og gert er við hjónabandsælu) og svo inn í ofn í klukkutíma við 150. Borið fram með rjóma.

Ég skora á Guðrúnu Guðmundsdóttur á Flateyri til að koma með uppskrift í næsta blaði.

Sælkeri vikunnar er Elínbjörg Katrín Þorvarðardóttir á Flateyri.

Sungið og trallað í fjóra tíma

Nokkur árgangamót voru á Ísafirði í veðurblíðunni um þar síðustu helgi. Þar á meðal voru tuttugu ára gagnfræðingar frá Gagnfræðaskólanum á Ísafirði en sá mannskapur er núna kringum 35 ára aldur. Í þeim hópi er Úlfur Úlfarsson í Hamraborg. „Við skemmtum okkur vel alla helgina enda alltaf gaman að hitta þessa krakka", segir Úlfur. „Meðal annars fórum við í ratleik um Ísafjörð og rifjuðum upp hús í bænum og hverjir hefðu búið í þeim húsum. Þannig skoðuðum við saman bæinn okkar. Líka fórum við að borða hjá Magga Hauks í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað. Það er einn besti veitingastaðurinn á landinu, alveg ofsalega góður matur hjá honum. Við sátum þar og borðuðum og svo var bara gítarinn tekinn fram og við sungum og trölluðum í fjóra tíma."

Þetta var í þriðja skipti sem þessi árgangur hittist en það var líka gert þegar liðin voru fimm ár og tíu ár frá gagnfræðaprófinu. Úlfur segir að stefnan sé að halda þessu áfram á komandi tímum. Um þrjátíu voru á þessu móti en í árganginum voru sextíu þannig að helmingurinn mætti. Meirihlutinn er fluttur burt frá Ísafirði.

„Þessir krakkar eru komnir í alls konar störf í þjóðfélaginu, tannlæknar, lyfjafræðingar og svo framvegis, í öllum geirum samfélagsins", segir Úlfur.

1. Dagbók Steins Emilssonar. Á safninu liggur frammi opin ein af dagbókum Steins Emilssonar jarðfræðings, en safnið er tileinkað honum. Bókin er opin á opnu um athuganir Steins á Tjörnesi árið 1927. Steinn hefur hreinritað vettvangsathuganir sínar, túlkað þær og fært inn í bók á skipulegan hátt. Þetta eru vinnubrögð sem eru til fyrirmyndar þó núna væri sjálfsagt notuð tölva við verkið.

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur er til húsa að Vitastíg 3 í Bolungarvík. Síminn á safninu er 456 7507. Vefsíða safnsins er www.nave.is/nattgr. Sumaropnun safnsins er alla virka daga frá kl. 9-12 og 13-17 og frá kl. 13-17 um helgar. Hægt er að skoða safnið á öðrum tímum eftir samkomulagi.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

Tenerife og Kanarí

Beint leiguflug með Icelandair allan næsta vetur!

Flugsæti

Verð frá 89.000 kr*
og 15.000 Vildarpunktar

4. jan. Tenerife
5. jan. Kanarí

Innifalið: Flug fram og til baka með sköttum.

*Verð án Vildarpunkta 99.000 kr.

Flugáætlun

Tenerife
7.,16. og 28. okt.
13. og 27. nóv.
11. og 21. des.
4. og 18. jan.
1. feb. – 5. apr. vikulegt flug
16. apr.

Kanarí
30. okt.
27. nóv.
11. og 21. des.
5. og 18. jan.
1. feb – 5. apr. vikulegt flug
17. apr.

Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

Tenerife

Nýtt hjá VITA

Parque Santiago

Gott og eftirsótt íbúðahótel á allra besta stað við Playa de las Americas ströndina á Tenerife. Þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Fjölskyldufólk og ungt fólk á öllum aldri unir sér í frábærum sundlaugargörðum við ströndina.

13. nóv.-27. nóv.

Verð frá 128.500 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 fullorðna og tvö börn (2-12) í íbúð.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 154.100 og 15.000 Vildarpunktar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 138.500 kr.

Kanarí

Aðeins hjá VITA

Las Camelias

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

29. mars.-5. apr.

Verð frá 108.000 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 3 fullorðna í íbúð.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 115.500 og 15.000 Vildarpunktar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 118.000 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

VITA er lífið

ÍSLENSKA SÍA IS VIT 80614 06/10